

Selfossi 14. maí 2015

Til Atvinnuveganefndar/Landbúnaðarnefndar Alþingis

Formaður: Jón Gunnarsson - starfsmaður: Selma Hafliðadóttir

Kynning:

Ég biðst velvirðingar á því að lengja mál mitt með upptalningu þeirri sem hér fer á eftir um nám mitt og störf. Þeir sem það vilja geta sleppt formála þessum og farið beint í UMSÖGN um frumvarpið. Ég tel þó, að formálinn snerti það, sem ég geri athugasemdir við og útskýri viðhorf mín.

Nám:

Ég heiti Sigurður Sigurðarson og er dýralæknir. Ég lauk dýralæknisnámi frá Ósló 1967, mastersnámi í meinafræði búfjár(Patologi)frá Lundúnum 1969 og sérfræðingsprófi frá Noregi árið 1995 í sjúkdómum nautgripa og sauðfjár (sem gilti í Noregi og Íslandi). Sérnámi hefi ég stundað og sótt nokkur námskeið við erlendar stofnanir í riðuveiki og kúariðu.

Árin 2003 og 2004 var eg við nám og rannsóknir í sjúkdómum hreindýra í Tromsø og Lapplandi.

Störf:

Ég hefi starfað sem dýralæknir, þar af lengst eða í rúm 40 ár á Tilraunastöð Háskólans í Meinafræði að Keldum, fyrst eða í rúm 20 ár sem sérfræðingur Sauðfjársjúkdómanefndar, svo hjá embætti yfirdýralæknis og síðast hjá Matvælastofnun á Selfossi. Ég vann við ýmis verkefni sem meinafræðingur við greiningar búfjársjúkdóma og við rannsóknir. Ég lenti í lokabaráttunni við Karakúlsjúkdómana (Votamæði, Purramæði, Visna og garnaveiki), sem útrýmt hefur verið öllum nema garnaveiki. Ég skipulagði baráttu gegn fjárkláðamaurnum og óværu(færilús og fellilús) og hefur þeim sjúkdómum verið útrýmt af landinu. Ég skipulagði baráttu gegn riðuveiki, sem leiddi til útrýmingar hennar af stórum svæðum á Íslandi.

Því miður er veikin ekki útdauð ennþá á Norðurlandi, þar sem hún var skæðust áður og hætta er á að hún breiðist út að nýju eftir að slakað var allt of fljótt á varnaraðgerðum gegn henni með niðurfellingu varnarlína og lausung við leyfisveitingar og eftirlitsleysi með flutningum milli svæða.

Nú er ég að undirbúa doktorsverkefni um Miltisbrand í búfé (og fólki) á Íslandi, en það er framhald og úrvinnsla verkefna minna, sem hófust 2004.

Um skeið starfaði ég sem héraðsdýralæknir í Borgarfirði og á Suðurlandi og við heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum. Fyrir fáum árum vann eg að vorinu við krufningu og greiningar á orsökum kálfadauða og lambadauða, sem víða er mikill um sauðburð. Það er mikilvægt fyrir bændur og bændafólk að kunna þetta og getur átt þátt í að draga úr tjóni. Allra síðustu árin hef eg í sjálfböðavinnu boðið bændum kennslu við krufningar lamba.

Ég er tilbúinn að koma á fund Atvinnuveganefndar Alþingis, ef svigrúm gæfist til og svara spurningum nefndarinnar, sem enn skortir svör við og brenna á vörum. Sumum þeirra gæti eg kannske svarað. Ég mun þá færa nefndinni að gjöf bók. Það er starfssaga mín, Sigurður dýralæknir(2), útg.

2014. Þar er að finna lýsingar á baráttu gegn smitsjúkdómum, sem fluttir voru til landsins oft af meira kappi en forsjá, eins og nú er hætta á að geti orðið. Þar má finna rökstuðning fyrir skoðunum mínum er varða innflutning á holdanautasæði. Ég myndi einnig gefa nefndinni bækling, sem við Stefán Aðalsteinsson búfjárfræðingur skrifuðum árið 2000. Þar eru rök gegn innflutningi á norsku mjólkurkúakyni NRF. Rök þau gilda enn í dag.

Þetta mál geta menn ekki afgreitt, hafi þeir ekki kynnt sér þu rök, sem í bók minni og bæklingi okkar Stefáns eru.

UMSÖGN:

Ég tek undir umsögn ýmissa vel metinna bænda, embættismanna og sérfræðinga sviðum dýrasjúkdóma um frumvarp til breytinga á lögum nr 54/1990 varðandi innflutning á erfðaefni fyrir holdanautastofn okkar. Umsögn þeirra verður send atvinnuveganefnd í dag 16. maí. Einnig tek ég

undir álit íslenskra dýralækna (Dýralæknaráð) varðandi þessi efni. Þessir aðilar telja frumvarpið gallað, hættulegt vörnum landsins gegn smitsjúkdómum. Það er einnig skoðun mín. Ég vildi reyndar kveða fastar að orði en þar er gert og hafna með öllu innflutningi á erfðaefni fyrir nautgripi. Ég bið menn að íhuga hvernig bregðast ætti við kröfum „hagsmunaaðila“ við innflutningi á erfðaefni fyrir sauðfé eða fyrir hross. Það er augljóst, að slíkt kæmi aldrei til mála. Svipuð afstaða ætti að vera hvað varðar nautgripi. Álit norskra sérfræðinga og stofnana er gott svo langt sem það nær, en tekur aðeins til ákveðinna afmarkaðra sjúkdóma. Mun fleiri smitsjúkdómar herja á nautpening í Noregi en á Íslandi. Í öðrum löndum bætast við flokkar smitefna, sem ekki eru í Noregi. Heilbrigðisstaða íslensku nautgripanna, hvort heldur sem eru holdanaut eða mjólkurkúr er einstök auðlind. Íslenskir dýralæknar (Dýralæknaráð) hafa næmari skilning á því, hvað við á hér á landi. Fyrirhugað er að kaupa „kynbæturnar“ frá Noregi. Það er ekki góð latína að fela dóm í hendur manna þótt góðir séu og samviskusamir, sem eiga hagsmuna að gæta fyrir sitt land. Fyrir því er löng reynsla.

Ég vil undirstrika, að innflutningur á erfðaefni svína er annað en innflutningur á erfðaefni nautgripa. Svín eru langflest á húsi alla ævi og þar er hægt að viðhafa strangar sjúkdómavarnir og því er yfirleitt vel fylgt eftir. Smitefni svínasjúkdóma eru nær alltaf sérstök fyrir þá tegund og myndu því varla berast í aðrar búfjartegundir eða breiðast út um landið. Svínin okkar eru einnig sömu tegundar og svín í nágrannalöndum okkar og því er strax hægt að fá svín af sömu tegund, ef illa fer.

Holdanautgripir okkar eru í flestum tilfellum útigöngudýr mjög oft á sama landi og með snertingu við mjólkurkúrarnar okkar. Smitsjúkdómar, sem kynnu að berast til landsins við innflutning á sæði til notkunar í holdanaut geta og munu margir hverjir berast fljótt í mjólkurkúastofn okkar. Sæði er mun hættulegra, hvað varðar smitsjúkdómahættu heldur en fósturvísar, en slíkur flutningur á erfðaefnum er alls ekki hættalaus heldur. Önnur jörturdýr, sauðfé, geitur og jafnvel hreindýr taka marga sömu sjúkdóma og nautgripir. Þeir gætu því breiðst út um stór svæði á stuttum tíma. Eru menn búnir að gleyma því, hvað gerðist með hrossastofn okkar, þegar hingað bárust með nokkurra ára millibili nýir smitsjúkdómar vegna ógætni einstakra hestamanna sjálfra að öllum líkindum. Sjúkdómarnir fóru eins og eldur í sinu um landið. Flest hross landsins smituðust og einn sjúkdómurinn drap stórt hundrað hrossa. Ég lenti í að kryfja og sjúkdómsgreina nokkra tufgi þeirra á Keldum. Mjólkurkúastofninn okkar er einstakur hvað varðar heilbrigði og hefur með heppilega eiginleika, sem ekki er að finna annars staðar í jafn ríku mæli t.d. hvað varðar sykursýki í börnum og varðandi ostagerð og væri þess virði að nýta þá eiginleika. Í öðrum löndum hafa menn gert sér verslunarvöru úr þessu, sem við hefðum getað gert sjálf, ef menn hefðu farið eftir ábendingum Stefáns Aðalsteinssonar og Margrétar Guðnadóttur í fræðandi blaðagreinum. Við höfum látið erlendum aðilum eftir frumkvæði til verðmætasköpunar.

Kúastofninn er óbætanlegur, ef illa fer gagnstætt því sem segja má um svínastofninn. Við eigum skyldum að gegna gagnvart „Búkollu“ íslensku kúnni.

Heilbrigðisástand stofnsins er einstakt á heimsvísu. Við megum ekki tefla því í tvísýnu. Ég bið Atvinnuveganefnd Alþingis að flýta sér hægt við afgreiðslu frumvarps um breytingar á lögum no 54/1990 er varða innflutning á erfðaefni (sæði) fyrir holdanautakyn okkar og helst að láta það daga uppi, því að hagsmunirnir holdanautabænda eru hégómi á móti þeirri auðlegð, sem gott heilbrigði er. Þingsályktunartillaga um innflutning á erfðaefni fyrir mjólkurkúrarnar okkar er vanhugsuð og stórhættuleg að mínum dómi og ætti að fara sömu leið og lagafrumvarpið.

Sigurður Sigurðarson dýralæknir
Suðurengi 31, 800 Selfossi
s. 892 1644, Emill: sigsig@hi.is